

Fundargerð 846. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2017, föstudaginn 27. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Margrét Lind Ólafsdóttir, Jónína Erna Arnardóttir, Gunnar Einarsson, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Eiríkur Björn Björgvinsson boðaði forföll. Halla Sigríður Steinólfsdóttir boðaði einnig forföll, en varamaður hennar hafði ekki tök á því að sitja fundinn.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð. Þá sat Valur Rafn Halldórsson, stjórnsýslufræðingur á rekstrar- og útgáfusviði sambandsins, fundinn frá og með 3. tölulið.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 845. fundar - 1511020SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 845. fundar frá 16. desember 2016.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Starfsmannamál - 1701059SA

Lagt fram minnisblað frá framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 25. janúar 2017, þar sem gerð er tillaga um að Valur Rafn Halldórsson, stjórnsýslufræðingur á rekstrar- og útgáfusviði sambandsins, verði ráðinn í starf sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins frá og með 1. maí 2017, þegar Magnús Karel Hannesson lætur af störfum að eigin ósk fyrir aldurs sakir.

Samþykkt var með sjö samhljóða atkvæðum að ráða Val Rafn Halldórsson í starf sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins frá og með 1. maí 2017. Heiða Björg Hilmisdóttir og Margrét Lind Ólafsdóttir sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Valur Rafn Halldórsson kom inn á fundinn og þakkaði það traust sem honum væri sýnt með því að ráða hann í starf sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs og sagðist mundu leggja sig allan fram um að standa undir því trausti. Hann sagðist hlakka til samstarfs við stjórn sambandsins, starfsmenn þess, sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga um allt land.

3. Fundir Jónsmessunefndar 2017 - 1701050SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefndar frá 18. janúar 2017.

4. Skýrsla um endurskoðun á fjármálakafla sveitarstjórnarlaga - 1602019SA

Lögð fram skýrsla vinnuhóps um endurskoðun á fjármálakafla sveitarstjórnar-

laga, dags. í desember 2016. Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins gerði nánari grein fyrir niðurstöðum skýrslunnar og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna.

5. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 1511037SA

Lögð fram fundargerð 34. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 13. desember 2016.

6. Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA

Lögð fram fundargerð 103. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 12. desember 2016.

7. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1511036SA

Lögð fram fundargerð 25. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 16. janúar 2016. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði nánari grein fyrir fundargerðinni og benti á tvo liði fundargerðarinnar sem stjórnin þyrfti að taka afstöðu til - annars vegar 2. tölulið um faggildingu byggingarfulltrúa og hins vegar 3. tölulið um umsögn sambandsins um drög að reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Eftirfarandi bókanir voru samþykktar samhljóða:

Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga telur óraunhæft að krafa um faggildingu byggingarfulltrúa taki gildi um næstu áramót. Margt í innleiðingu mannvirkjalaga hefur tekið mun lengri tíma en ætlunin var. Skoðunarhandbækur eru enn ófullgerðar og verulegar tafir hafa orðið á uppbyggingu Byggingarfulltrúavefs sem á að tryggja miðlun gagna milli Mannvirkjastofnunar og sveitarfélaga. Stjórn sambandsins leggur áherslu á að krafa um faggildingu verði ekki til þess að hækka byggingarkostnað eða skerða þjónustustig við húsbyggjendur á landsbyggðinni. Að áliti stjórnarinnar væri skynsamlegt að faggilding verði valkvæð fyrir sveitarfélögin, a.m.k. fram til 1. júlí 2019, auk þess sem taka þarf afstöðu til þess að einfaldari og smærri mannvirki (m.a. einbýli) verði til framtíðar undanþegin faggildingarkröfu. (Sjá 2. tl. fundargerðar skipulagsmálanefndar.)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur mikilvægt að stjórnarsýsluframkvæmd vegna reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald verði eins samræmd um allt land og frekast er kostur. Stjórnin leggur áherslu á áframhaldandi gott samstarf ríkis og sveitarfélaga um verkefnið, ásamt því að gefnar verði út leiðbeiningar til sveitarfélaga um framkvæmdina. (Sjá 3. tl. fundargerðar skipulagsmálanefndar.)

8. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2016 - 1610022SA

Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2016. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs gerðu nánari grein fyrir reikningnum.

Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi sambandsins fyrir árið 2016 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.

9. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2016 - 1701039SA

Lagður fram ársreikningur Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2016. Framkvæmda-

stjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs gerðu nánari grein fyrir reikningnum.

Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2016 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.

10. Fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2017 - 1610023SA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2017, ásamt greinargerð. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu nánari grein fyrir áætluninni.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögur að fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2017.

11. Fjárhagsáætlun Bakhjarls sambandsins 2017 - 1701073SA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2017, ásamt greinargerð. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu nánari grein fyrir áætluninni.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2017.

12. Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga - samþykktir - 1604014SA

Lagt fram minnisblað Brúar - lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, dags. 30. desember 2016, um sameiningu Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar og Brúar lífeyrissjóðs með tillögu um breytingar á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs vegna sameiningarinnar.

Stjórnin samþykkti breytingar á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs fyrir sitt leyti.

13. Nýtt Alþingi 2016 - stiklur úr stjórnarsáttmála - 1610035SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 10. janúar 2017, þar sem tekin eru saman helstu atriði úr stjórnarsáttmála 2017 sem snúa að sveitarfélögum.

14. Vegvísir sambandsins og Félags grunnskólakennara - 1701067SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 23. janúar 2017, um kynningu á vegvísi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara.

Jafnframt gerði sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins grein fyrir stöðu kjaraviðræðna við Félag tónlistarkennara.

Jónína Erna Arnardóttir vék af fundi meðan málefni tónlistarskólakennara voru til umfjöllunar.

15. Hreinsun strandlengjunnar - 1610030SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, og verkefnisstjóra sambandsins í umhverfis- og úrgangsmálum, dags. 11. janúar 2017, um hreinsun strandlengjunnar, samkvæmt bókun 14. liðar í fundargerð stjórnar sambandsins frá 28. október 2016.

16. Hækkun raforkuverðs - 1701043SA

Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 10. janúar 2017, um hækkun raforkuverðs.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar og framkvæmdastjóra falið að taka saman minnisblað um málið.

17. Starfshópur um notkun gúmmíkurla úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum - 1609022SA

Lagt fram minnisblað Guðjóns Bragasonar, sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, og Vals Rafns Halldórssonar, sérfræðings á rekstrar- og útgáfusviði sambandsins, dags. 18. janúar 2017, um aðgerðaráætlun um kurlað dekkjagúmmí, sem þeir gerðu nánari grein fyrir.

Jónína Erna Arnardóttir vék af fundi kl. 14:42.

18. Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða - 1605115SA

Lögð fram bókun sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar, sveitarstjórnar Hörgársveitar og bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs, um umsögn sambandsins um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, ásamt umsögn Fjarðabyggðar um frumvarpið. Einnig lögð fram umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 12. desember 2016, um drög að frumvarpi til laga um skipulag haf- og strandsvæða sem lögð var fram til kynningar á fundi stjórnar sambandsins 16. desember 2016.

19. Endurskoðun samninga við Fjölís - 1511244SA

Lagt fram minnisblað Tryggva Þórhallssonar, lögfræðings á lögfræði- og velferðarsviði, og Vals Rafns Halldórssonar, stjórnsýslufræðings á rekstrar- og útgáfusviði, dags. 24. janúar 2017, þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðu viðuræðna við Fjölís um endurskoðun samninga varðandi afnot af höfundarvernduðu efni í stjórnsýslu sveitarfélaga. Niðurstaðan er á formi fyrirmyndar að samningi. Í minnisblaðinu er lagt til að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mæli með því við sveitarfélög að þau gangi til samninga við Fjölís þar sem texti samningsfyrirmyndarinnar verði notaður óbreyttur. Valur Rafn Halldórsson, stjórnsýslufræðingur á rekstrar- og útgáfusviði sambandsins, gerði nánari grein fyrir minnisblaðinu og samningsfyrirmyndinni.

Stjórnin samþykkti að mæla með því við sveitarfélögin að þau gangi til samninga við FJÖLÍS á grundvelli þeirra gagna sem lögð voru fram á fundinum. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna sveitarfélögunum þessa niðurstöðu.

Margrét Lind Ólafsdóttir vék af fundi kl. 15:58.

20. Samkomulag um millifærslu fjármuna vegna atvinnumála fatlaðs fólks - 1602043SA

Lagt fram til kynningar samkomulag, dags. 16. desember 2016, milli Vinnumálastofnunar, velferðarráðuneytisins, innanríkisráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga um millifærslu fjármuna vegna atvinnumála fatlaðs fólks.

21. Tilnefning í Æskulýðsráð 2017-2018 - 1611046SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 21. desember 2016, þar sem Valur Rafn Halldórsson, sérfræðingur á rekstrar- og útgáfusviði sambandsins, og Linda Udengård, framkvæmdastjóri fræðslusviðs Mosfellsbæjar, eru tilnefnd í Æskulýðsráð.

22. Tilnefning í samráðsnefnd til undirbúnings ráðstefnu í tilefni aldarafmælis Alþjóðavinnuálastofnunarinnar - 1612042SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 4. janúar 2017, þar sem Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins, er tilnefnd í samráðsnefnd til undirbúnings ráðstefnu í tilefni aldarafmælis Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) árið 2019.

23. Tilnefning í starfshóp um litlar vatnsveitur - 1612058SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 4. janúar 2017, þar sem Hannibal Kjartansson, veitustjóri Hrunamannahrepps og framkvæmdastjóri Hitaveitu Flúða, og Ingibjörg Elsa Ingjaldsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og varamaður í sveitarstjórn og veitustjórn Hrunamannahrepps, eru tilnefnd í starfshóp um litlar vatnsveitur.

24. Tilnefning í matsnefnd leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla - 1701013SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 4. janúar 2017, þar sem Sólveig B. Gunnarsdóttir, lögfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í matsnefnd leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, og Klara E. Finnbogadóttir, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

25. Tilnefning í ráðgjafanefnd um stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára - 1612036SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 4. janúar 2017, þar sem Berglind Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, og Páll Brynjarsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, eru tilnefnd í ráðgjafanefnd um stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára.

26. Tilnefning í fagráð um umferðarmál - 1612020SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 4. janúar 2017, þar sem Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar, er tilnefndur í fagráð um umferðarmál.

27. Tilnefning í húsafriðunarnefnd - 1701042SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 18. janúar 2017, þar sem Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, er tilnefndur til áframhaldandi setu sem aðalmaður í húsafriðunarnefnd, og er Margrét Þormar, arkitekt á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, einnig tilnefnd til áframhaldandi setu sem varamaður.

28. Tilnefning í fornminjanefnd - 1701037SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 18. janúar 2017, þar sem Kristín Þórðardóttir, fulltrúi sýslumanns og sveitarstjórnarmaður í Rangárbírgi eystra, er tilnefnd til áframhaldandi setu í fornminjanefnd, og er Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, einnig tilnefndur til áframhaldandi setu sem varamaður.

29. Endurtilnefning í starfshóp til að greina lög og reglugerðir á sviði ráðuneytisins vegna starfsemi vindorkuvera - 1602022SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 18. janúar 2017, þar sem Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins er tilnefndur sem nýr fulltrúi í starfshóp til að greina lög og reglugerðir á sviði ráðuneytisins vegna starfsemi vindorkuvera í stað Vigdísar Óskar Häsler Sveinsdóttur, lögfræðings á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, sem látið hefur af störfum hjá sambandinu.

30. Tilnefning í úrskurðarnefnd vegna ágreiningsmála milli sveitarfélaga um stuðningsþörf og kostnað - 1701041SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 19. janúar 2017, þar sem Eiríkur Hermannsson, fyrrverandi fræðslustjóri í Reykjanesbæ er tilnefndur til áframhaldandi setu í úrskurðarnefnd vegna ágreiningsmála milli sveitarfélaga um stuðningsþörf og kostnað, og Ragnheiður Hergeirsdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri í Árborg, til vara.

31. Tilnefning í nefnd um málefni flóttafólks - 1701040SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 19. janúar 2017, þar sem Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í nefnd um málefni flóttafólks, og Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

32. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins - 1612026SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 14. desember 2016, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál.

33. Umsögn um drög að breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun - 1612007SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 3. janúar 2017, um drög að breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

34. Athugasemdir við kerfisáætlun og umhverfisskýrslu 2016-2025 - 1605162SA

Lagðar fram til kynningar athugasemdir sambandsins til Landsnets hf., dags. 10. janúar 2017, við kerfisáætlun og umhverfisskýrslu 2016-2025.

35. Umsögn um drög að reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla - 1701033SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 13. janúar 2017, um drög að reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla.

36. Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 505/2000, um hættumat vegna ofanflóða og nýtingu hættusvæða - 1612031SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 20. janúar 2017, um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 505/2000, um hættumat vegna ofanflóða og nýtingu hættusvæða.

37. Salernisaðstaða á ferðamannastöðum - 1610026SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 2. janúar 2017, um salernismál á ferðamannastöðum, ásamt bréfi Embættis landlæknis, dags. 6. janúar 2017.

38. Fréttabréf hag- og upplýsingasviðs 2017 - 1601016SA

Lagt fram til kynningar fréttabréf hag- og upplýsingasviðs sambandsins, 1. tbl. 2017, um fjárhagsáætlanir A-hluta sveitarfélaga 2017-2020.

39. Þakkarbréf Menntamálastofnunar - 1606022SA

Lagt fram til kynningar bréf Menntamálastofnunar, dags. 14. desember 2016, þar sem stofnunin þakkar fyrir velvilja og góða aðstoð við stofnun ungmennaráðs.

Næsti fundur er ráðgerður 24. febrúar.

Fundi var slitið kl. 15:05.

Halldór Halldórsson

Heiða Björg Hilmisdóttir

Margrét Lind Ólafsdóttir

Jónína Erna Arnardóttir

Gunnar Einarsson

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari